

SE/05/04/18

Tillaga.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að ráðstafa hluta af arðgreiðslu bæjarins, af hlut sínum í Lánasjóði sveitarfélaga, til verkefnis eða verkefna í forvarnarmálum í þágu ungs fólks í Garðabæ.

Greinargerð:

Arðgreiðsla Garðabæjar af hlut sínum í Lánasjóði sveitarfélaga, sem samþykkt var á aðalfundi sjóðsins í mars s.l., er tæpar 15 milljónir króna. Fyrir ári síðan var arðgreiðslan um 17 milljónir og þá var samþykkt svipuð tillaga og í greinargerð þá kom m.a. fram að skynsamlegt væri að nota hluta þess fjár til forvarna fyrir ungt fólk. Mörg brýn verkefni kæmu til greina, meðal annars verkefni til að vinna með kvíða sem fer vaxandi hjá ungu fólki, notkun snjalltækja og áhrif þeirra á ungt fólk. Verkefnin væri hægt að vinna í samvinnu við aðra aðila, svo sem heilsugæslu Garðabæjar.

Fræðslu- og menningarsvið sem kemur mest að starfi með ungu fólki væri falið að koma með tillögur og kostnaðaráætlun að verkefni eða verkefnum fyrir bæjarráð.